

Fundargerð 462. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2024, föstudaginn 22. mars kl. 08:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Þórdís Sif Sigurðardóttir, Elliði Vignisson, Björn Arnaldsson og Dóra Björk Gunnarsdóttir.

Að auki sat fundinn Ingibjörg Hinriksdóttir, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

- 1. Ársreikningur Hafnasambands Íslands 2023 - 2401002HA**

Lögð fram drög að ársreikningi Hafnasambands Íslands fyrir árið 2023.

Samþykkt að vísa ársreikningnum til kynningar hjá aðildarhöfnum, sbr. ákvæði í 5.mgr. 5. gr. laga hafnasambandsins, og til skoðunar hjá kjörnum skoðunarmönnum. Afgreiðslu frestað þar til þessu er lokið.
- 2. Frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum - gjaldtaka, rafræn vöktun o.fl. - 2403001HA**

Lagt fram til umræðu frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003 (gjaldtaka, rafræn vöktun o.fl.) sem lögð voru fram á Alþingi 18. mars sl.

Formanni og starfsmanni falið að útbúa umsögn fyrir hönd Hafnasambands Íslands í samræmi við umræður á fundinum.
- 3. Álitsgerð um umhverfismiðaða gjaldtöku sveitarfélagshafna - 2403002HA**

Lögð fram álitsgerð frá Lagastofnun Háskóla Íslands, dags. 8. desember 2024, um umhverfismiðaða gjaldtöku sveitarfélagshafna sem reknar eru skv. 1. og 2. tölulið 8. gr. hafnalaga nr. 61/2003.

Ákveðið að taka málið aftur upp á næsta fundi stjórnar.
- 4. Samgönguáætlun 2024-2038 - 2307001HA**

Formaður sagði frá fundi með umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis.
- 5. Orkusjóður - landtengingar - 2309002HA**

Rætt um auglýsingu Orkusjóðs um styrki vegna orkuskipta. Ljóst af samtölum við ráðamenn sjóðsins, að ekki er gert ráð fyrir stuðningi við háspennulandtengingar vegna erlendra togarara, farmskipa og farþegaskipa, né verkefna sem þegar hafa verið unnin. Stjórnin telur réttast að framlög og styrkir til landtenginga á höfnum eigi að vera innan samgönguáætlunar fyrir allar hafnir landsins.

Gunnar Tryggvason vék af fundi kl. 08:56.
Þórdís Sif Sigurðardóttir vék af fundi 08:59.

6. Tryggingamál hafnasjóða - 2310001HA

Rætt að nýju um tryggingamál hafna og réttarstöðu þeirra þegar kemur að tjóni en málið var tekið fyrir þann 19. október 2023. Á þeim fundi var samþykkt að láta vinna aftur minnisblað um réttastöðu hafna í tryggingamálum. Formaður lagði áherslu á að fá fram frá álit og ábendingar frá fulltrúum í stjórn inn í þá vinnu.

7. Fundaáætlun og vorferð - 2401001HA

Rætt um fundaáætlun og vorferð stjórnar hafnasambandsins 2024.

Vorferð stjórnar verður farin til Þorlákshafnar og Vestmannaeyja 6.-7. maí, þá verður jafnframt fundur í stjórn. Samþykkt að fella niður fund 29. apríl en boða frekar til auka fundar ef ástæða er til.

Fundi var slitið kl. 09:00